

Námskeið fyrir ábyrgðarmenn og tæknimenn vegna notkunar geislatækja í læknisfræði þann 2. apríl 2019

Námskeiðið er sérstaklega ætlað fyrir:

1. Nýja ábyrgðarmenn notkunar geislatækja í læknisfræðilegum tilgangi

Geislavarnir ríkisins (GR) gera þá kröfu til allra ábyrgðarmanna geislatækja sem notuð eru í læknisfræðilegum tilgangi að þeir sækja námskeið stofnunarinnar, sbr. lög [nr. 44/2002](#) um geislavarnir og reglugerð [nr. 1299/2015](#) um geislavarnir vegna notkunar geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun. Ábyrgðarmenn gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

2. Nýja tæknimenn sem annast uppsetningar og viðgerðir á geislatækjum sem notuð eru í læknisfræðilegum tilgangi

Aðeins þeir sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins (GR) um þekkingu og reynslu mega annast uppsetningu og viðgerðir á geislatækjum, sbr. lög [nr. 44/2002](#) um geislavarnir (5. mgr. 7 gr.) og reglugerð [nr. 1299/2015](#) um geislavarnir vegna notkunar geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun (kafla XI.). Til þess að hljóta viðurkenningu GR þurfa tæknimenn meðal annars að sækja námskeið GR.

Námskeiðið verður í tveim hlutum:

- I. Kynning á grundvallaratriðum geislavarna, leiðbeiningum ICRP, geislaeðlisfræði og geislalíffræði. (3 klst)
- II. Íslenskt og alþjóðlegt lagaumhverfi notkunar geislunar í læknisfræði, kröfur til leyfishafa (um gæðaeftirlit og menntun starfsmanna) og þróun geislaálags. (3,5 klst)

Ábyrgðarmenn/Tæknimenn sem sótt hafa sambærilegt námskeið GR áður ([fyrir 2015](#)) þurfa að sitja síðari hluta námskeiðsins aftur þar sem kynntar eru mikilvægar breytingar sem hafa orðið á lagaumhverfi notkunar geislatækja á undanförunum árum.

Umsjón: Starfsmenn Geislavarna ríkisins

Dagsetning og tími: **Þriðjudaginn 2. apríl 2019**, klukkan 9:00 til 16:30 (síðari hluti námskeiðs mun hefjast klukkan 13:00).

Staðsetning: Reykjavík, nánari staðsetning auglýst síðar.

Námskeiðsgjald: 22.000 kr. (allan daginn), 11.000 kr. (hálfur dagur)

Skráning: <http://gr.is/namskeid/>

Skráning stendur til: **26. mars 2019**

Vinsamlegast gefið upp: nafn þátttakenda, kennitölu og netfang. Hvort skráningin sé fyrir allt námskeiðið eða hálfan daginn. Gefið einnig upp nafn fyrirtækis sem starfað er hjá og kennitölu þess þar sem það á við.